



Ofurhugi

Fréttabréf Sundráðs ÍRB - Júní 2016

ÍRB sigraði AMÍ með yfirburðum

Sigurveggarar á AMÍ sjötta árið í röð.

Lið ÍRB sigraði með yfirburðum í stigakeppni liða á AMÍ 2016, sem haldið var á Akranesi 24.-26. júní. ÍRB náði 576 stigum en í öðru sæti varð Sundfélag Hafnarfjarðar með 418 stig. Í þriðja sæti varð svo Sunddeild Breiðablik með 381 stig. Alls tóku 16 félög þátt í mótinu.

Aldursflokkaverðlaun einstaklinga voru veitt þeim keppendum sem náðu

bestum samanlögðum árangri í sínum stigahæstu greinum í samræmi við stigatöflu FINA í flokki pilta og stúlkna, drengja og telpna og meyja og sveina. Í flokki stúlkna með samtals 1379 stig fyrir 400m skriðsund og 100 metra skriðsund, var Sunneva Dögg Friðriksdóttir úr ÍRB Aldursflokkameistari en hún var stigahæsta stúlkna á mótinu. Már Gunnarsson hjá ÍRB hlaut svo sérstakan styrk fyrir sín afrek á mótinu.




Þessi sigur var sögulegur en með þessum sigri varð ÍRB fyrst liða til að vinna titilinn sex sinnum í röð. Farandgripurinn sem keppt er um er frá 1992 og geymir líka fleira sögulegt en á honum sést að frá 2001 þegar ÍRB samstarfið hófst þá hefur ÍRB liðið orðið AMÍ meistari ellefu sinnum og aldrei neðar en annað sæti. ÍRB varð fyrst AMÍ meistari á árunum 2004 - 2008 og núna frá 2011 - 2016. Magnaður árangur hjá okkar frábæra sundfólki í gegnum árin.

Veðrið á mótinu var ekki upp á marga fiska en Skagamenn eiga heiður skilið fyrir vel framkvæmt mót og glæsilegt lokahóf. Á lokahófinu sló Már Gunnarsson okkar rækilega í gegn með píanó spili og söng og fékk hann frábærar móttökur frá salnum.

Þjálfarar og stjórn vilja koma á framfæri þakklæti til fararstjóra og foreldra sem aðstoðuðu á mótinu, því án ykkar væri ekkert starf. Áfram ÍRB.

Már Gunnarsson með Íslandsmet á AMÍ



Már Gunnarsson gerði sér lítið fyrir og setti glæsilegt íslandsmet í sínum flokki í 400m fjórsundi á AMÍ. Þrátt fyrir leiðindaveður og slæmar aðstæður þá stórbætti hann metið. Innilega til hamingju Már.

Afrekshópur/Keppnishópur - Steindór

Júní mánuður fór í það að gera allt klárt fyrir AMÍ. Æft var af krafti og árangurinn sást líka á AMÍ. Frábær árangur hjá frábæru fólki. Margir eldri sundmenn voru komnir á fullt í vinnu en létu samt ekki sitt eftir liggja og æfðu vel þegar tími gafst og kepptu með stæl á AMÍ. Það var svo sannarlega mikilvægt fyrir liðið og framlag þeirra sýndi vel hin sanna liðsanda. Við tókum örfáar æfingar eftir AMÍ en síðan tókum við okkur smá sumarfrí og komum hress og endurnærð í Calella æfingaferðina okkar.

Sundmaður mánaðarins

Birna Hilmarsdóttir er sundmaður mánaðarins. Birna er jákvæð, hress og dugleg ásamt því að mæta mjög vel. Birna stóð sig afar vel á AMÍ.



Framtíðarhópur - Eddi



Þá er komið að lokum tímabilsins. Við getum verið mjög ánægð með tímabilið í heild sinni. Sundmennirnir í Framtíðarhóp stóðu sig með mikilli þrýði á AMÍ þar sem allir bættu tímana sína, krakkarnir unnu margar einstaklingsgreinar og 3 af 4 boðsundum sem í boði voru í 12 ára og yngri. Nú er komið að mánaðar hvíld og svo tekur æfingaferðin til Calella við. Takk fyrir tímabilið.

Sundmaður mánaðarins

Sundmaður mánaðarins að þessu sinni er Clifford Dean Helgason. Clifford er góður sundmaður sem ætlar sér stóra hluti í framtíðinni. Hann hefur bætt tíma sína verulega undanfarið og er hvergi nærri hættur. Clifford er góður félagi og flottur strákur í hvívetna.

Háhyrningar Vatnaveröld - Helena



Júní mánuður fór að mestu í æfingar hjá Háhyrningum. Þrír sundmenn kepptu á lágmarkamóti ÍRB og náðu þær allar lágörkum til þess að keppa á AMÍ. Á AMÍ stóðu þær sig allar mjög vel. Það hefur verið skemmtilegt að vinna með þessum hóp í vetur, krakkarnir hafa tekið miklum framförum og hafa verið til fyrirmyndar bæði á æfingum og á sundmótum. Ég þakka kærlega fyrir veturinn og hlakka til að hitta þau aftur næsta haust.

Sundmaður mánaðarins

Athena Líf Þrastardóttir er sundmaður mánaðarins í Háhyrningum. Athena hefur mætt vel á æfingar og sýnt miklar framfarir síðasta mánuðinn eins og í allan vetur. Hún er einbeitt á æfingum og er alltaf til fyrirmyndar.

Þrjár á leið í landsliðsverkefni SSÍ

Þrjár sundkonur úr ÍRB eru á leið í landsliðsverkefni á vegum SSÍ á næstu dögum. Sundkonurnar eru Eydís Ósk Kolbeinsdóttir, Stefanía Sigurþórsdóttir og Sunneva Dögg Friðriksdóttir. Stefanía fer til keppni á NMÆ (Norðurlandamót Æskunnar) sem fram fer í Finnlandi og Sunneva og Eydís eru á leiðinni á EMU (Evrópumeistaramót unglunga). Við óskum þeim góðs gengis og biðum spennt eftir þeirra frammistöðu á mótunum.



Met á AMÍ

Stöðugt koma ný met hjá okkar frábæra sundfólki, innilega til hamingju sundmenn.

Már Gunnarsson 400 fjór (25) Íslandsmet fatlaðra
Briet Björk Hauksdóttir 100 br (25m) Snótir-Njarðvík

Eydís Ósk Kolbeinsdóttir 400 fjór (25m) Stúlkur-ÍRB
Eydís Ósk Kolbeinsdóttir 400 fjór (25m) Stúlkur-Njarðvík

Takk fyrir tímabilið



Kæru sundmenn, þjálfarar, foreldrar og allir þeir sem koma að starfi sundfélagsins. Nú líður að lokum þessa tímabils og langar mig því að þakka ykkur innilega fyrir samstarfið á skemmtilegu og farsælu keppnistímabili. Tímabilið finnst mér hafa einkennst af slagorðum Landbankamótsins: Metnaður, léttleiki og samvinna, en þessi gildi eru það sem einkenna gott félag eða fyrirtæki. Hlakka til að byrja á nýju tímabili með ykkur í júlí og hafið það sem allra best í sumar. Áfram ÍRB.

Styrktaraðilar Sundráðs ÍRB



HS ORKA HF



HS VEITUR HF

©2016 Sundráð |

[Web Version](#)

[Forward](#)

[Unsubscribe](#)

Powered by Mad Mimi®
A GoDaddy® company